

Hraunprýði byggingar ehf

Bæjarráð Garðabæjar

Garðabæ 7 febrúar 2023

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Varðar:

Hrauntunga - Deiliskipulag

Hraunprýði byggingar ehf. keyptu lóðina Hrauntungu við gamla Álftanesveginn á vormánuðum 2022. Tilgangur félagsins er að fá heimild bæjaryfirvalda til að reisa á lóðinni lágreista sérbýlishúsabyggð lítilla par- og raðhúsa á bilinu 80 – 150 fm að stærð, en mikill skortur er á þesskonar húsagerð á íbúðamarkaði dagsins í dag.

Áhersla verði lögð á vistvæna byggð þar sem t.a.m. megnið af þeim trjám sem eru á lóðinni fái að halda sér. Auk þess gerir félagið það að tillögu sinni að eignin sem er á lóðinni verði gerð upp og nýtt fyrir bæjarfélagið í einhversskonar starfsemi sem prýtt gæti hverfið – Prýðishverfi.

Í meðfylgjandi greinargerð arkitektastofunar Úti og Inni eru dregnar upp hugmyndir að skipulagi og gerð nánari grein fyrir lóðinni og forsendum.

Til að af þessu megi verða, þarf eðlilega fyrst viðræður og vonandi heimild til deiliskipulagsgerðar af lóðinni í anda þessara hugmynda í samvinnu við bæjaryfirvöld. Því óskar félagið hér með eftir því að málið verði tekið á dagskrá bæjarráðs og í framhaldi þess væntanlega til umræðu í viðeigandi nefndum á vegum bæjarins.

Með von um skjót og góð viðbrögð.

f.h. stjórnar félagsins

Vignir Steinþór Halldórsson

Húsasmíðameistari